

[Siðareglur yfirfarnar og samþykktar óbreyttar á stjórnarfundum 31.05.2021]

Eitt af gildum OR Samstæðunnar er heiðarleiki. Heiðarleiki snýr að því hvernig við komum fram við viðskiptavini og hvert við annað, hvernig við störfum og hvernig við tryggjum gegnsæi í rekstri. Siðareglur okkar byggja á gildinu heiðarleika. Siðareglurnar leiðbeina okkur þegar siðferðileg álitamál koma upp í starfi. Þær hjálpa okkur að láta **heiðarleika, virðingu og jafnrétti** einkenna öll okkar samskipti hvort sem er við viðskiptavini, samstarfsfólk, stjórn, verktaka eða aðra hagsmunaaðila. Þær eru ekki tæmandi og leysa okkur ekki undan undan þeirri ábyrgð að reiða okkur á eigin samvisku þegar siðferðileg álitamál ber upp.

Við erum heiðarleg:

- Við erum heiðarleg í öllum samskiptum sem tengjast starfi okkar.

Upplýsingagjöf og trúnaður

- Við veitum réttar upplýsingar um störf og rekstur fyrirtækisins og eigum frumkvæði að því að veita upplýsingar ef við á.
- Við virðum þagnarskyldu um trúnaðarupplýsinga eins og við á, einnig eftir að látið er af störfum.
- Við nýtum okkur ekki trúnaðarupplýsingar sem við fáum í starfi til ávinnings fyrir aðra en fyrirtækið.

Hagsmunaárekstrar

- Við forðumst hagsmunaárekstra og upplýsum um atriði sem kunna að valda hagsmunaárekstrum í starfi.
- Við misnotum ekki aðstöðu okkar í eigin þágu eða annarra hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax eða síðar.
- Við upplýsum um spillingu sem og ólögsmæta eða ótilhlýðilega háttsemi sem við verðum vör við í starfi.
- Við þiggjum hvorki né bjóðum gjafir, greiða eða aðra umbun sem er til þess fallin að hafa áhrif á sjálfstæði eða hlutleysi okkar í starfi.

Við sýnum virðingu:

- Við leggjum okkur fram um að auka virðingu fyrirtækisins í samfélaginu og tökum ekki þátt í vinnu, verkefnum eða samskiptum sem kastað geta rýrð á orðspor fyrirtækisins.
- Við leggjum okkur fram við sýna virðingu í samskiptum og að eiga frumkvæði að jákvæðum og uppbyggjandi samskiptum.
- Við virðum tilfinningar, friðhelgi og einkalíf annarra ef slík mál koma upp í starfi.

Við virðum jafnrétti og önnur mannréttindi

- Við stuðlum að jafnrétti á vinnustað og erum málefnaleg og sanngjörn í öllum okkar samskiptum.
- Við mismunum ekki á ólögsmætum eða ómálefnalegum forsendum, svo sem vegna kynferðis, kynþáttar, uppruna, trúar- eða stjórnmálaskoðana.
- Við erum umburðarlynd, tökum tillit til ólíkra sjónarmiða og leyfum hæfileikum hvers og eins að njóta sín.
- Við beitum ekki aðra einelti eða áreitni af neinu tagi.

Tilvísanir:

[SKI-100](#); Ábyrgðir i vottuðum stjórnunarkerfum.